

Ágæti umráðamaður búfjár

Matvælastofnun biður þig vinsamlegast að kynna þér vel þær leiðbeiningar sem hér eru gefnar um færslu og skil haustskýrslu búfjárefirlits 2010. Einnig viljum við vekja sérstaka athygli á að nú gefst eigendum búfjár tækifæri til að skila haustskýrslu á rafrænu formi. Þeir sem kjósa að nýta sér þann möguleika geta nálgast aðgang að haustskýrslu sinni á síðunni www.bustofn.is.

Aðgengi að haustskýrslu er fengið með rafrænu auðkenni og opnast aðgangur þegar slegin hefur verið inn kennitala og lykilorð. Lykilorð er hér það sama og veflykill sá sem nýttur er til skila á skattframtali.

Sérstök athygli er vakin á allir útreikningar fóðurbirgða eru auðveldaðir þegar haustskýrslu er skilað á rafrænan máta. Eins er nú sérstakur valkvæður reitur á haustskýrslunni þar sem gert er ráð fyrir að bændur geti heimilað að tryggingafélagi (VÍS) verði veittar upplýsingar um bústofn sinn.

Nánari leiðbeiningar um notkun og útfyllingu má einnig finna á www.bustofn.is auk heimasíðu Matvælastofnunar www.mast.is. Þar má nálgast upplýsingar um skráningar á fjölda búfjár og fóðurbirgða ásamt upplýsingum um starfandi búfjárefirlitsmenn.

Við viljum vekja sérstaka athygli á að eftirfarandi upplýsingar sem forskráðar eru á haustskýrslu eru fengnar úr einstaklingsmerkingarkerfinu MARK.

- Fjöldi nautgripa á lífi samkvæmt MARK.
- Búsnúmeri.
- Skýrsluhaldsnúmer í sauðfjár-, nautgripa- og svínarækt.
- Umráðamaður skv. MARK ef hann er annar en í forðagæslu.

Óskað er eftir að farið verði yfir forskráðar upplýsingar og að umráðamenn búfjár geri viðvart ef um ranga skráningu er að ræða. Nýskráningu umráðamanns búfjár eða beytingar umráðamanna skal tilkynna viðeigandi búfjárefirlitsmanni. Aðrar athugasemdir og eða beiðnir um leiðréttingar á forprentuðum upplýsingum úr MARK-kerfinu skal vísa til Guðlaugar Eypórsdóttur, í síma 563-0300 eða 563-0341 eða með tölvupóstfangi ge@bondi.is.

Einnig viljum við vekja athygli á að eingöngu er einn umráðamaður búfjár skráður á hvert búsnúmer í forðagæslu og skal sá jafnframt vera skráður í MARK.

Þeir sem velja að að skila útfylltri haustskýrslu til búfjárefirlitsmanns skili, fyrir 20. nóvember n.k. Skil haustskýrslu á rafrænan hátt skal lokið fyrir 10. desember n.k.